# Sundabraut

Helstu niðurstöður starfshóps

27. janúar 2021



Kjalarnes
Vesturlandsvegur
Esjuhlíðar
Leiðhamrar
Innri leið
Álfsnes
Þerney
Þerneyjarsund
Gunnunes
Leiruvogur
Geldinganes
Blikastaðakró
Eiðsvík
2. áfangi
1. áfangi
Viðey
Viðeyjarsund
Staðahverfi
Úlfarsá
Laugarnes
Gufunes
Borgir
Kirkjusandur
Sundagöng
Sæbraut
Rimar
Kleppsvík
Hallsvegur
Holtavegur
Laugardalur
Sund
Sundabrú
Hamrar
Heimar
Foldir
Elliðaárvogur
Gullinbrú
Vogar
Elliðaárósar
Grafar-
vogur
Miklabraut
Ártúnshöfði
Höfðar
Vesturlandsvegur








Vegagerðin

Sundabrú, gatnakerfi með gatnamótum í Laugarnesi og Gufunesi í plani. Sjálf Sundabrú er með gulum lit.




**Sundagöng. Jarðgöng í ljósbláum lit.**

# 2.áfangi – Gufunes-Kjalarnes





## Sundabraut, áfangi 2 – séð frá Gufunesi



Sundabraut, áfangi 2 – séð frá Laugarnesi

# Áætlaður kostnaður við Sundabraut

| Valkostur | Heildarkostnaður [milljarðar kr.] | Þverun Kleppsvíkur [milljarðar kr.] | Gufunes-Kjalarnes [milljarðar kr.] |
|---|---|---|---|
| Sundabrú | 69 | 44 | 25 |
| Sundagöng | 83 | 58 | 25 |

**Miðað við mislæg gatnamót og fjórar akreinar alla leið frá Sæbraut á Kjalarnes**

# Af hverju Sundabraut?

- Bæta samgöngur á norðurhluta höfuðborgarsvæðisins með auknu öryggi og hagræði (stytta ferðatíma og vegalengdir)

- Auka umferðarrýmd á höfuðborgarsvæðinu og létta á umferðarþunga á öðrum vegum, s.s. Höfðabakka um Gullinbrú, Ártúnsbrekku og Vesturlandsvegi í Mosfellsbæ

- Bæta tengingu Norður- og Vesturlands við höfuðborgarsvæðis

- Bæta tengingar Grafarvogs við svæðið vestan Elliðaáa

- Auka hagræði fyrir atvinnustarfsemi

- Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 er gengið út frá því að Sundabraut verði hluti af norður-suður meginstofnvegi um höfuðborgarsvæðið.

# Helstu niðurstöður starfshóps (1/5)

- Sundabraut með **Sundabrú** yfir Kleppsvík kostar um 14 milljörðum minna en **Sundagöng**

- **Sundabrú** hefur jákvæðari áhrif á heildarakstur umferðar og ferðatíma en **Sundagöng**

- Rúmlega 20% meiri umferð er um **Sundabrú** en **Sundagöng** samkvæmt umferðarspám

- **Sundabrú** nýtist betur fyrir leiðir almenningssamgangna og niðurstöður umferðarspáa gefa til kynna að það fjölgi farþegum í almenningssamgangnakerfinu, stytti ferðatíma og fækki skiptingum

- **Sundabrú** gefur möguleika á nýrri tengingu fyrir göngu- og hjólaleiðir

# Helstu niðurstöður starfshóps (2/5)

- **Sundabrú** hefur meiri jákvæð áhrif til minnkunar á umferð um Ártúnsbrekku og Gullinbrú

- **Sundabraut** mun draga úr umferð á Vesturlandsvegi um Mosfellsbæ hvort sem um er að ræða göng eða brú

- **Sundagöng** hafa minni sjónræn áhrif en **Sundabrú** og gera þarf kröfur um varðandi útlit og ásýnd brúar sem verður áberandi í umhverfinu.

- Á framkvæmdatíma **Sundaganga** má reikna með að áhrif á nærumhverfi vegna sprenginga og efnisflutninga á byggingartíma verði nokkur

- Mikilvægt er að skoða nánar líklegar breytingar á dreifingu umferðar og hvernig bregðast eigi við mögulegum neikvæðum áhrifum á íbúahverfi á áhrifasvæði **Sundabrautar**.

# Helstu niðurstöður starfshóps (3/5)

- Á byggingartíma mun **Sundabrú** hafa meiri áhrif á starfsemi í Sundahöfn en **Sundagöng**

- Með nýrri tengingu við hafnarsvæði mun tenging hafnar við **Sundabrú** verða góð og betri en fyrir **Sundagöng**

- Huga þarf vel að innra gatnakerfi norðan Sæbrautar og tryggja nauðsynlegt flæði umferðar um Vatnagarða, Barkarvog og Skútuvog

- Fara þarf vel yfir tillögur að hæð **Sundabrúar** þannig að núverandi starfsemi sé tryggð eins og kostur er

- Arðsemi **Sundabrúar** er meiri sé horft til kostnaðar, umferðarspáa um ekna vegalengd og ferðatíma

# Helstu niðurstöður starfshóps (4/5)

- **Sundabraut** frá Gufunesi að Kjalarnesi er nauðsynlegur hluti brautarinnar

- Gera má ráð fyrir yfir 10 þús.ökutækjum á sólarhring á þeim hluta og léttir þannig á umferð um Ártúnsbrekku og Vesturlandsveg í Mosfellsbæ

- Gert er ráð fyrir vegi á yfirborði alla leið frá Gufunesi að Kjalarnesi með brúm á Leiruvogi og í Kollafirði.

- Mögulegt er að byggja **Sundabraut** frá Gufunesi að Kjalarnesi samhliða þverun Kleppsvíkur en nánari útfærslur á áfangaskiptingu framkvæmdarinnar þarf að vinna á síðari stigum.

# Helstu niðurstöður starfshóps (5⁄5)

- Tillögur hafa verið kynntar helstu hagsmunaaðilum við Sundahöfn og ekki eru verulegar athugasemdir við þær útfærslur

- Nauðsynlegt er að gera tímanlega ráðstafanir til að lágmarka röskun á starfsemi á framkvæmdatíma og svo til framtíðar, m.a. með gerð viðeigandi hafnarmannvirkja og nýrrar tengingar vöruflutninga til og frá farmsvæðum Sundahafnar. Ríki, Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir og rekstaraðilar þurfa að taka upp viðræður þess efnis.

# Niðurstöður starfshóps

- Það er mat starfshópsins að bæði **Sundabrú** og **Sundagöng** séu raunhæfir kostir við þverun Kleppsvíkur.

- Starfshópurinn telur að **Sundabrú** hafi kosti umfram **Sundagöng** vega þar þyngst lægri stofnkostnaður, meiri notkun fyrir alla ferðamáta og telur starfshópurinn að áhrif á hafnarstarfsemi sé ásættanleg

- Starfshópurinn telur að tillaga að **Sundabrú** með tengingu við Sæbraut til móts við Holtaveg sé raunhæfur kostur og hægt sé að vinna að þeirri útfærslu áfram.

# Næstu skref og tímalína (1/2)

- **Sundabrú** er matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

- **Sundabraut** hefur verið á aðalskipulag Reykjavíkur frá árinu 1975. Gera þarf sérstaka breytingu á aðalskipulagi sem gerðar eru annað hvort samhliða eða í kjölfarið á mati á umhverfisáhrifum framkvæmda

- Líklegt er að gera þurfi samhliða breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

# Næstu skref og tímalína (2/2)

- Gera má ráð fyrir að undirbúningur framkvæmda, nauðsynlegar rannsóknir, hönnun, mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, breytingar á skipulagsáætlunum taki að lágmarki 4 ár.

- Áætlaður framkvæmdatími við byggingu **Sundabrúar** og aðliggjandi vega hefur verið metinn 4-5 ár.

- Hæfilegar bjartsýnar áætlanir gera því ráð fyrir að **Sundabraut** geti opnað um 8-10 árum eftir að ákvörðun er tekin um að halda frekari undirbúningi áfram

# Starfshópurinn

Tilnefnd af Vegagerðinni:

Guðmundur Valur Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar (formaður)

Bryndís Friðriksdóttir, svæðisstjóri höfuðborgarsvæðis Vegagerðarinnar

Tilnefndur af Reykjavíkurborg:

Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar

Tilnefndur af Faxaflóahöfnum:

Gísli Gíslason, fyrrverandi hafnarstjóri Faxaflóahafna

Tilnefndur af samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu:

Jón Kjartan Ágústson, svæðisskipulagsstjóri